



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA**

**Frá orðum til athafna.  
Sharing Our Vision – Strengthening Our Society.**

**SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS DELTA KAPPA GAMMA,  
FÉLGAS KVENNA Í FRÆÐSLUSTÖRFUM, tímabilið 2011–2013.**

Í skýrslu minni hér á eftir mun ég fara yfir tveggja ára starfstímabil núverandi landssambandsstjórnar sem lætur af störfum á þessu þingi. Einkunnarorð okkar hafa verið: Frá orðum til athafna, og höfum við hagað framkvæmda-áætluninni með þau í huga.

**Félag og stjórn:**

Starfandi félagskonur eru nú 303 en 13 eru í leyfi og eru deildirnar alls 12. Fjórar félagskonur hafa látist á tímabilinu. Hins vegar er að bætast við talsverður fjöldi í flestar deildir á þessu ári og því eru þessar tölur ekki nákvæmar nema í stuttan tíma.

Stjórnina skipuðu frá 1. júlí 2011 eftirtaldar konur:

Sigríður Ragna Sigurðardóttir Alfa deild forseti  
Brynhildur Anna Ragnarsdóttir Eta deild fyrsti varaforseti  
Steinunn Ármansdóttir Alfa deild annar varaforseti  
Helga Guðmundsdóttir Zeta deild meðstjórnandi  
Stefanía Arnórsdóttir Gamma deild ritari  
Guðbjörg Sveinsdóttir Þeta deild gjaldkeri  
Sigrún Jóhannesdóttir Delta deild lögsögumaður.

**Framkvæmdaáætlun:**

Stjórn landssambandsins hefur haldið 16 fundi á tímabilinu. Á framkvæmdaráðsfundinum í september 2011 kynnti stjórnin framkvæmdaáætlun sína sem í stuttu máli byggir á því markmiði að efla og styrkja innra starf deildanna, efla konur til þátttöku í félagsstarfinu og efla og kynna samtök okkar út á við. Við ákváðum að fjölga ekki deildum heldur fjölga félögum. Styrkur félagsins byggir á öflugum innra starf hverrar deildar. Við höfum lagt áherslu á að gera okkur sýnilegar sem DKG konur og hvatt félagskonur til að láta ekkert tækifæri ónotað til að minna á samtökin.

**Umræðufundir, námskeið:**

Til að sýna í verki á hvern hátt við gætum styrkt innra starf deildanna, ákvað stjórn landssambandsins að fá Sigrúnu Jóhannesdóttur, Delta deild, til að fara af stað með námskeið fyrir deildarkonur. Úr því varð til verkefnið **Delta Kappa Gamma stjarnan**. Það eru umræðufundir og námskeið, leiðtoganámskeið, sem hófust í vetur og deildirnar eru farnar að nýta sér. Vonandi verða sem

flestar deildir með DKG stjórn námskeið á komandi vetrardagskrá. Tilgangurinn er að efla konur til að ná árangri í félaginu, og að taka að sér verkefni innan félags DKG jafnt sem utan þess. Nú þegar er búið að halda námskeið hjá Lamda deild og þrjú námskeið til viðbótar eru fyrirhuguð á komandi vetri.

#### **Starfsemi deilda og nefnda:**

Til þess að lengja ekki um of störf aðalfundarins tók stjórn landssambandsins þá ákvörðun að fá ritnefndina til að hanna og sjá um útgáfu á skýrslum frá öllum deildum, nefndum og upplýsingum frá konum sem sitja í alþjóða-nefndum. Liggur skýrslan hér frammi ásamt öðrum gögnum. Ég þakka ritnefnd fyrir vinnuna.

#### **Félaga- og útbreiðslunefnd:**

Handbókin hefur verið í endurskoðun og er enn, undir dyggri stjórn félaga- og útbreiðslunefndar og stjórnar landssambandsins. Formaður félaga- og útbreiðslunefndar er Elínborg Sigurðardóttir Epsilon deild. Félaganefndin vill gjarnan fá góðar ábendingar frá félagskonum um það sem betur má fara í handbókinni og er mikilvægt að konur taki virkan þátt í að skoða hana nánar.

Félagatalið er uppfært árlega af nefndinni, og skiptir miklu máli að formenn passi vel upp á að uppfæra net- og heimilisföng vandlega og láti formann félaganefndar vita um allar breytingar. Stjórnin ákvað einnig að félagatalið yrði eingöngu á netinu. Hins vegar hvet ég formenn til að prenta út eintök af félagatalinu og láta fylgja með formannsgögnum.

#### **Endurskoðun reglugerðar:**

Laganefndin, undir stjórn Auðar Torfadóttur formanns Eta deildar hefur endurskoðað reglugerðina og voru gerðar nokkra breytingartillögur á henni í samráði við Sigrúnu Jóhannesdóttur lögsögumann og stjórn landsambandsins. Þær verða bornar upp á fundinum í dag.

#### **Útgáfu- og netmál:**

Ritnefndin undir stjórn ritstjórans Láru Guðmundsdóttur þeta deild gaf út veglegt fréttabréf síðastliðið vor. Fréttabréfið var eingöngu birt á netsíðu samtakanna. Stjórn landssambandsins ásamt ritnefndinni ákvað að gefa ekki út fréttabréf síðastliðið haust, heldur vinna með vefstjóra við að safna fréttum til að birta á vefnum. Undir tenglinum frá orðum til athafna er gert ráð fyrir að hægt sé að setja inn fréttir frá deildunum.

Ég hef persónulega efasemdir um að allar konur lesi fréttabréfið, ef það birtist eingöngu á netinu. Því hvatti ég formenn til að prenta út eintök, ekki síst fyrir þær konur sem ekki eru tölvuvæddar. Einnig hef ég hvatt formenn til að ræða um innihald fréttabréfsins á almennum fundum deildanna. Ritnefndin mun ljúka sínum störfum með útgáfu annars fréttabréfs að loknum fundi okkar hér á Hótel Heklu.

Í öllum deildum sitja glæsilegar konur með afar fjölbreytta menntun og skiptir miklu máli að deila vísu og þekkingu þeirra ekki einvörðungu innan deildanna heldur einnig milli þeirra, og þar komum við að mikilvægi nútímatækninnar. Við verðum að nýta netsíðuna okkar betur til þess. Eygló Björnsdóttir vefstjóri

sem jafnframt stýrir Evrópuvefnum og er í alþjóðanefndinni “Communication and Publicity” samskipta og almannatengsl hefur verið mjög hjálpleg öllum sem vilja koma einhverju á framfæri á netsíðunni og er boðin og búin til að aðstoða félagskonur við allt sem að því kemur. Eitt af markmiðum stjórnarinnar hefur verið að fá konur til að nýta þennan miðil meir og hefur talsvert áunnist á þeim vettvangi. Mý deildin hefur sett í gang verkefnið Konfekt. Það er í tengslum við fésbókarsíðu deildarkvenna og er ætlað til að efla tengsl milli þeirra, en talsverð fjarlægð skilur þær að. Verkefnið má skoða nánar í skýrslu frá deildinni. Athyglivert fyrir fleiri deildir að taka upp.

### **Uppstillingarnefnd:**

Uppstillingarnefnd undir forystu Ingibjargar Einarsdóttur Gamma deild lauk störfum 18. janúar síðastliðinn og sendi tillögur sínar að nýrri stjórn landsambandsins, tillögur að nýrri uppstillingarnefnd og einnig tillögur að skoðunarmönnum reikninga til stjórnar landssambandsins sem samþykkti þær í byrjun febrúar mánaðar.

### **Námsstyrkjanefnd:**

Námsstyrkjanefnd undir stjórn Steinunnar Guðmundsdóttur Iota deild sendi tillögur til stjórnar landssambandsins um úthlutun úr námsstyrkjasjóði. Tvær konur sóttu um styrk og ákvað stjórnin að styrkja eina konu að þessu sinni. Það er Eydís Katla Guðmundsdóttir félagi í Epsilon deild, hlýtur hún 100.000 króna námsstyrk. Hinn umsóknaraðilinn Svana Friðriksdóttir Gamma deild sótti einnig um alþjóðastyrk og hlaut hann sem er mun hærri styrkur.

### **Alþjóða samstarf:**

Stjórn landssambandsins hvetur konur til að sækja um þátttöku í erlendum nefndum, slíkt eykur á víðsýni og skapar tengsl við alþjóðasamtökin. Nú eru óvenju margar konur í alþjóðanefndum og er það ánægjulegt.

Þær eru:

Sigrún Klara Hannesdóttir Alfa deild er í Editorial Board ritnefndinni sem gefur út The DKG Bulletin, International Journal for Professional Educators, og í Ad Hoc Election Process Committee, sem fjallar um framgang mála varðandi rafrænar kosningar innan DKG.

Eygló Björnsdóttir Beta deild á sæti í samskipta- og almannatengslanefnd (Communication and Publicity), hún er einnig Evrópu vefstjóri

Hertha W. Jónsdóttir Gamma deild situr í útbreiðslunefndinni (Expansion)

Kristín Jónsdóttir Gamma deild félaganefndinni (Membership)

Guðný Helgadóttir Gamma deild í Golden Gift úthlutunarsjóðnum.

Guðbjörg Sveinsdóttir Beta deild gjaldkeri Styrkjanefnd annarra en félaga í DKG World Fellowship.

Ingibjörg Jónasdóttir fyrrverandi forseti landssambandsins Gamma deild er í European Forum nefndinni og er forseti hennar.

Eins og þið heyrið þá hefur Gamma deildin verið dugleg að hvetja sínar konur áfram til að bjóða sig fram í alþjóðanefndir. Ég vona að aðrar deildir taki þær sér til fyrirmyndar og bjóði fram krafta sína.

Það er sérstaklega ánægjulegt að tveir erlendir gestir skulu vera sendiboðar alþjóðasamtakanna hér hjá okkur að þessu sinni. Þær eru Dr. Lyn Babb

Schmid annar varaforseti alþjóðasamtakanna og Dr. Margaret Trybus sem var gestafyrirlesari í gær.

### **Framkvæmdaráðsfundir:**

Tveir framkvæmdaráðsfundir hafa verið haldnir, báðir í september, sá fyrri 2011 og hinn síðari 2012. Framkvæmdaráð skipa eftirtaldir: stjórn landssambandsins, fráfarandi forseti þess, og formenn deilda. Gjaldkeri og lögsögumaður eiga einnig sæti í ráðinu án atkvæðisréttar.

Dagskrá framkvæmdaráðsfundanna var hefðbundin, framkvæmdaáætlun stjórnar kynnt á báðum fundum. Sigrún Klara Hannesdóttir Alfa deild fyrrum annar varaforseti alþjóðasamtakanna kynnti alþjóðlegar nefndir sem starfa innan samtakanna og jafnframt kynntu konur í alþjóðanefndum störf sín á alþjóðavettvangi. Á síðari framkvæmdaráðsfundinum fékk stjórnin Sigrúnu Jóhannesdóttur lögsögumann til að fara yfir ýmis atriði sem varða innra starfið í DKG og kynna helstu þætti í erindi sem hún flutti á Evrópuráðstefnunni í Baden-Baden 2011.

### **Vorþingið 2012 – Landssambandsþingið 2013.**

Vorþingið 2012 var í umsjá menntamálanefndar undir stjórn Kristínar Jóhannesdóttur formanns nefndarinnar undir yfirskrift landssambandsins, frá orðum til athafna. Frummælendur voru valdir með markmið samtakanna í huga á hvern hátt sá mannauður sem býr í samtökunum verði sem best nýttur og sýnilegur út á við. Frummælendur voru þær : Kristín Ingólfssdóttir rektor H.Í. Alfa deild, Árelía Eydís Guðmundsdóttir dósent við H.Í., Salvör Nordal forstöðumaður Siðfræðistofnunar H.Í. og Oddný Harðardóttir þáverandi fjármálaráðherra Þeta deild. Gestur þingsins frá alþjóðasamtökunum var Dr. Jensi Souders forseti alþjóðasamtaka DKG. Var þingið allt hið glæsilegasta og menntamálanefnd til mikils sóma. Var þess sérstaklega getið í fréttablaðinu Broadcasting the BUZZ undir fyrirsögninni “ Iceland Conference Puts the “P” in Professionalism.

Þess má geta að Morgunblaðið birti stjórnviðtal við Dr. Jensi Souders í tilefni komu hennar hingað og jafnframt var birt stór mynd af okkur tveimur á baksíðunni þann sama dag.

Á þinginu söfnuðust 70.000 krónur til mæðrastyrksnefndar til styrktar einstæðum mæðrum í námi.

Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu í Reykjavík hefur verið rammi utan um stóra viðburði síðustu tveggja ára. Þar var vorþingið haldið sem og báðir framkvæmdaráðsfundirnir. Það má með sanni segja að húsið og öll umgjörð þess sé glæsilegur rammi utan um starfsemi samtakanna. Við höfum fengið sérstaklega góða móttökur frá öllum sem þar starfa og ber að þakka það.

Fyrri dagur Landssambandsþingsins 4. Maí 2013: Á flekamótum, var haldinn hér í gær. Epsilon deildin á Suðurlandi hefur lagt mikinn metnað í að undirbúa og skipuleggja alla umgjörð þingsins. Við þökkum Epsilondeildarkonum fyrir glæsilega umgjörð og vandaða skemmtidagskrá.

Bæði vorþingið og landssambandsþingið hafa verið skipulögð með sérstaklega glæsilegri og faglegri dagskrá sem sómi er að. Ber sérstaklega að þakka menntamálanefndinni undir stjórn formanns hennar Kristínar Jóhannesdóttur fyrir þann mikla metnað og vinnu sem hún hefur lagt í undirbúning dagskrár þessara tveggja þinga.

### **Íþróttir:**

Gönguhópur DKG kvenna var ekki nærri nógu duglegur og þarf að koma betra lífi í hann. Við eigum algera perlu sem stýrði hópnum, hún heitir Margrét Jónsdóttir úr Gamma deild og þær konur sem fóru í gönguferðirnar með henni komu betri manneskjur úr hverri ferð. Við þökkum Margréti fyrir og vonum að hún gefi ekki DKG konur upp á bátinn. Gaman væri að gera aðra tilraun í sumar og fara saman í skemmtiskokkið, ganga eins og við gerðum þrjár í fyrra, fullar bjartsýni fyrir DKG samtökin með tákni okkar, rauða rós, í hendi. Það vakti athygli.

### **Erlend þing og ráðstefnur:**

3.-6. ágúst 2011 var Evrópuþingið haldið í Baden-Baden í Þýskalandi. 18 konur sóttu þingið frá Íslandi og hefur hópurinn aldrei verið stærri. Tvær íslenskar konur fluttu erindi á þinginu þær Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir auk þess voru nokkrar konur með vinnustofur (workshops) og fluttu erindi í tengslum við þær. Það er mjög gefandi að fara saman á þing erlendis, þar kynnast konur og læra ótrúlega margt á skömmum tíma. Ég hvet ykkur til að hugsa ykkur vel varðandi þátttöku í Evrópuþinginu í Amsterdam á sumri komanda. Eygló Björnsdóttir Evrópuvefstjórinn okkar hefur gert allar upplýsingar um þingið í Amsterdam mjög aðgengilegar á Evrópu- netsíðunni. Nú þegar eru komnir um 12 þátttakendur, enn er nægur tími til að skrá sig og við erum að vonast til að fá fleiri í hópinn. Ég vil geta þess að þær konur sem verða með vinnustofur í Amsterdam og fá ekki styrki frá alþjóðasamtökunum geta sótt um styrkveitingu til fararinnar til landsambandsins. Umsóknareyðublað er að finna á netsíðu okkar.

24. – 28. júlí 2012 var alþjóðaráðstefnan haldin í New York. 9 konur sóttu ráðstefnuna héðan. Það var mjög skemmtilegt og lærdómsríkt að vera á þinginu og dagskráin mjög þéttsetin. Í raun sorglegt að þurfa að missa af ótal stórkostlegum erindum vegna annarra funda. Ég var beðin um að halda smá ávarp í lokuðu hádegisverðarboði hjá framkvæmdastjórninni. Ég fékk skipun um að tímalengdin mætti alls ekki vera meiri en þrjár og hálf mínúta. Það var erfitt, en það gekk, enda eins gott. Á sjálfu þinginu, voru nokkrar konur stoppaðar í miðri ræðu, af fundarstjóra, þar sem þær fóru fram úr áætlaðri tímalengd.

### **Ágætu DKG konur.**

Það hefur verið lærdómsríkt og ánægjulegt að vera starfandi forseti samtakanna. Ég held að ég skrökvi engu, þegar ég segi að það hafi ekki liðið sá dagur sem ég hef ekki hugsað um samtökin, alltaf eitthvað sem kemur upp í hugann og þarfnast afgreiðslu. Ég hef skroppið norður og austur og farið á Skype fundi vestur á land og þeyst um sveitir á suð- vestur horninu. Ég hef kynnst hversu mikill kraftur og mannaúður býr í félagskonum, þess vegna tel ég brýnt að við opinberum það, reynum að kynnast betur, hittumst oft, förum saman á þing og reynum að kynnast betur í gegnum netsíðu okkar og alþjóðasamtakanna.

Okkar hlutverk er að gera okkur sýnilegar, láta í okkur heyra, styrkja og styðja í blíðu og stríðu.

Fyrir hönd fráfarandi stjórnar landssambandsins þakka ég sérstaklega gott samstarf við alla formenn nefnda og deilda á báðum kjörtímabilum, og óska nýrri stjórn alls hins besta á komandi kjörtímabili.

Stjórn Landssambandsins 2011–2013 ákvað að ljúka starfstímabilinu með því að heiðra tvær konur sem staðið hafa framarlega á sviði mennta- og menningarmála landsins á liðnum áratugum. Þær hafa einnig unnið ötullega frá upphafi að markmiðum DKG og styrkt félagið og stutt og borið hag þess fyrir brjósti. Fyrir það erum við þakklátar. Þetta eru þær Jenna Jensdóttir kennari og rithöfundur Alfa deild og Rannveig Löve kennari Gamma deild. Hér á eftir verður starfsferill þeirra rakinn í stuttu máli og bið ég því Sigrúnu Jóhannesdóttur og Steinunni Ármannsdóttur að kynna þær nánar.

Við þökkum samstarfið.

Delta Kappa Gamma konur látum ekki standa við orðin tóm heldur látum verkin tala.

5. maí 2013,

---

Sigríður Ragna Sigurðardóttir  
Forseti Landssambands DKG